

Umhverfisstefna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

Það er stefna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi í allri starfsemi og fylgja lögum og reglugerðum um umhverfismál. Umhverfisstefnan gildir fyrir þá er starfa hjá HVE eða starfa samningsbundið fyrir stofnunina og tekur til allrar starfsemi þ.m.t. innkaupa, orkunotkunar, vinnuumhverfis, meðferðar efna og spilliefna. Leitast er við að tryggja starfsmönnum heilbrigð og örugg starfsskilyrði. Við framkvæmd umhverfisstefnunnar er grænum skrefum HVE fylgt.

Markmið:

- Framfylgja grænum skrefum HVE til að tryggja framkvæmd umhverfisstefnunar.
- Hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi við öflun aðfanga, þ.m.t. við innkaup, útboð og förgun.
- Draga úr mengun í starfsemi stofnunarinnar og stuðla markvisst að minna magni sorps til urðunar.
- Halda grænt bókhald.
- Tryggja starfsmönnum heilbrigð og örugg starfsskilyrði.
- Tryggja markvissa upplýsingamiðlun og fræðslu til starfsmanna.
- Virkja starfsmenn til þátttöku.

Ábyrgð:

- Forstjóri HVE ber ábyrgð á umhverfisstefnunni og felur umhverfisnefnd að endurskoða hana árlega.
- Allir starfsmenn HVE og samningsbundnir aðilar bera ábyrgð á að fara eftir umhverfisstefnunni og framfylgja grænum skrefum.
- Samstarfsaðilar, verktakar og birgjar bera ábyrgð á að samningsbundnum vinnuferlum sem tryggja eiga að umhverfisstefnunni sé fylgt.
- Allir starfsmenn HVE bera ábyrgð á að tilkynna frávik sem varða umhverfismál.

Tilvísun: Lög um umhverfismál no. 35 frá 11. september 2012 (útgáfa 140b).

Samþykkt af framkvæmdastjórn 12.12.2012.